

Siðferði og dygðir í

Gísla sögu

Kennsluleiðbeiningar

Róbert Jack og Þóra Björg Sigurðardóttir

Róbert Jack og Þóra Björg Sigurðardóttir

í samstarfi við Menntamálastofnun

Kópavogur 2021

2892

Efni

Forsendur og markmið námsefnisins	3
Sátt við námskrá	4
Undirbúningur kennara	5
Skipting <i>Gísla sögu</i> í kennslueiningar	5
Aðlögun kennslunnar að nemendahóp.....	6
Kennsla fyrir lestur <i>Gísla sögu</i>	6
Kennsla kaflar með nýjum dygðahugtökum.....	8
Kennsla annarra kafla	14
Verkefni: Dygðir í eigin lífi.....	16
Viðhengi: Orð yfir dygðir	18
Heimildir	19

Siðferði og dygðir í *Gísla sögu* – Kennsluleiðbeiningar

© 2021 Róbert Jack og Þóra Björg Sigurðardóttir

1. útgáfa 2021

Róbert Jack í samstarfi við Menntamálastofnun

Reykjavík

Öll réttindi áskilin

Forsendur og markmið námsefnisins

Hér er að finna hugmyndir um hvernig fjalla má um siðferði og dygðir í kennslu á *Gísla sögu Súrssonar*. Þessum kennsluleiðbeiningum er ætlað að styðja við meðfylgjandi verkefnahefti. Við gerð þessa námsefnis um siðferði og dygðir var gengið út frá útgáfu Menntamálastofnunar á *Gísla sögu* í endursögn Ragnars Inga Aðalsteinssonar. Gert er ráð fyrir að námsefnið sé notað samhliða textanum og þeim skýringum og verkefnum sem Ragnar Ingi hefur gert í bókina og er ekki ætlað að skarast við verkefni Ragnars þó að óhjákvæmilega sé einhver skörun til staðar. Þannig er gert ráð fyrir að þetta námsefni sem hér er kynnt nýtist í hefðbundinni íslenskukennslu. Sérstakt markmið þessa námsefnis er þó að beina athygli nemenda að tækifærum til að fjalla um siðferði og siðferðileg hugtök í *Gísla sögu* en þar er aðaláhersla á ýmsar dygðir og lesti sem finna má hjá persónum í sögunni. Námsefninu er þannig ætlað að auka siðferðisþroska nemenda samhliða íslenskukennslunni. Þetta námsefni hentar fyrir nemendur á unglíngastigi en óbreytt er það að öllum líkindum of þungt fyrir miðstig. Áður hefur sambærilegt dygðanámsefni verið gert fyrir *Laxdæla sögu* (Róbert Jack, 2018c) og skarast þetta námsefni hér að sumu leyti við það.

Námsefnið byggist á þrenns konar kennslunálgunum. Fyrst má telja hugmyndir mannkostamenntunar sem á rót sína að rekja til aristótelískrar dygðasiðfræði. Í stuttu máli má segja að þessi nálgun feli í sér að samhliða því að efla siðferðisþroska stuðli umræða um siðferði og dygðir í bókmenntum að aukinni sjálfsþekkingu og færni í hversdagslífinu og jafnframt hamingju. Þetta hvílir meðal annars á þeirri sannfæringu að hamingjan felist í þeim dygðum sem manneskjan nær að þroska með sér. Ekki er hér svigrúm til að kafa ofan í fræðilegar forsendur þessarar nálgunar en benda má sérstaklega á tvær bækur í því sambandi, *Aristotelian character education* (Kristján Kristjánsson, 2015) og *Teaching character and virtue in schools* (Arthur o.fl., 2017).

Í öðru lagi byggist námsefnið á árangursríkum aðferðum við hugtaka- og orðaforðakennslu og tekur meðal annars til greina orðaforðaþróun tvítyngdra barna. Siðferðileg hugtök, fyrst og fremst dygðahugtök, eru notuð til að hugsa um, túlka og greina persónurnar og atburði sögunnar. Þessi hugtök þarf að læra sérstaklega til þess að geta síðan notað þau til að túlka söguna. Í stuttu máli má segja að hugtakakennslan sé ferli sem skiptist í þrjú stig sem hvert um sig hefur mikilvægt gildi fyrir það að læra og tileinka sér nýjan orðaforða. Í fyrstu þarf að heyra nýtt orð og fá útskýringar á því til að skilja það, til dæmis með því að þýða það yfir á önnur tungumál. Þetta hefur verið nefnt að öðlast *viðtökuorðaforða*. Til þess að geta tileinkað sér nýtt orð eða hugtak er í annan stað lagt upp með það að nemandi taki sér orðið í munn, ræði það í mismunandi samhengi og máti það í mismunandi aðstæðum. Þetta er kallaður *tjáningarorðaforði*. Að síðustu er æskilegt að vinna með merkingu orðaforða á skapandi hátt. Í því samhengi er árangursríkt að vinna með ritun, leikræna tjáningu, einhvers konar sjónsköpun eða framsögn til þess að öðlast dýpri merkingu og festa orðið eða hugtakið í minni (Beck o.fl., 2013; LaRusso o.fl., 2016; Nation, 2013; Roessingh, 2018, 2016, 2015). Orðaforði eins og dygðahugtök hafa talsvert breiða skírskotun. Hann gagnast til að greina flókna bókmenntir og er talinn grunnur þess að takast á við siðferðileg álitamál. Þessi orðaforði hjálpar ennfremur til við að skilja sögupersónur, okkur sjálf og annað fólk. Sjálfsþekking, ályktunarhæfni og það að geta sett sig í spor annarra eru grundvallarþættir málþroska en einnig þess að geta sýnt samhygð og skilning á öðrum manneskjum, að lifa saman sem manneskjur á siðferðilegan máta sem tengist þriðju kennslunálguninni.

Kennslufnið byggist í þriðja lagi á rannsókn á gildi þess að kenna Íslendingasögu á siðferðilegan hátt í tengslum við bókmenntakennslu í íslenskum grunnskólum og reynslu kennara af þeirri vinnu. Í rannsókninni var *Laxdæla saga* aðallesefnið en um rannsóknina birtust sex fræðigreinar í sérriti Netlu (Atli Harðarson o.fl., 2018; Atli Harðarson, 2018; Ólafur Páll Jónsson, 2018; Róbert Jack,

2018a, 2018b; Þóra Björg Sigurðardóttir, 2018). Í stuttu máli má segja að kennarar hafi lagt á það mikla áherslu að ná að kveikja áhuga nemenda sem fyrst á Íslendingasögunni með því að fá þau til að tengja sig við söguna á einhvern hátt eða setja sig í spor sögupersónanna (Þóra Björg Sigurðardóttir, 2018). Þetta gerðu þeir með einhvers konar skapandi vinnu, til dæmis í tengslum við ritun eða leikræna tjáningu. Það ásamt lærdómi á siðferðilegu hugtökunum og helstu þekkingaratriðum sögunnar (svo sem tengslum persóna og framvindu atburðarrásar) var forsenda þess að geta unnið með krefjandi siðferðilegar spurningar. Eftir sem áður þurftu kennarar jafnóðum að tengja nemendur aftur og aftur við söguna með samanburði við þau sjálf, samtímann og ýmis álitamál sem stóðu viðkomandi nemendum nærri til að ná dýpri skilningi á sögunni og siðferðinu.

Í upphafi þurftu nemendur því að læra og öðlast skilning á siðferðilegu hugtökunum en síðan gátu þeir notað hugtökin til að greina og túlka söguna. Að auki felur sú nálgun í sér samanburð og sundurgreiningu sem vekur til umhugsunar, örvar dómgreind nemenda og stuðlar að því að brjóta heilann um söguna á siðferðilegan máta. Það krefst þess að nemendur stígi frá sögunni til að horfa á hana utan og ofan frá. Í verkefnaheftinu er haft í huga að nálgast samanburð út frá nokkrum miskrefjandi þáttum. Í fyrsta lagi með samanburði á persónum sögunnar. Í öðru lagi samanburði á persónum sögunnar og nemandanum sjálfum. Í þriðja lagi með samanburði á persónum sögunnar við skáldsagnapersónur, kvikmyndapersónur og aðrar persónur í dægurmenningu. Í fjórða lagi með samanburði á samfélaginu í fortíð og nútíð, skáldsögu og raunveruleika, Íslandi og öðrum menningarheimum (Þóra Björg Sigurðardóttir, 2018).

Sátt við námskrá

Í kennsluleiðbeiningum Ragnars Inga Aðalsteinssonar með *Gísla sögu* er það rökstutt hvernig kennsla á sögunni er í samræmi við námskrá. Þessu viðbótarnámsefni um dygðir og siðferðilega togstreitu er ætlað að styðja þann tilgang sem þar er rætt um, til dæmis með því að hjálpa til við að skapa umræður, skoðanaskipti og tilfinningu fyrir efni sögunnar.

Áhersla á lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun í nógildandi Aðalnámskrá samrýmist vel markmiðum námsefnisins um að virkja ímyndunarafl nemenda, veita geðshræringum þeirra og gildismati athygli og leyfa þeim að leita sjálf að svörum. Eins og kemur fram í sérhefti um lýðræði og mannréttindi sem grunnþátt menntunar (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012) er það að hugsa með öðrum í samvinnu og samræðum æfing í lýðræðislegri þátttöku. Þetta er æfing í því að sjá heiminn með augum annarra, uppgötva, hlusta á, velta fyrir sér möguleikum, virða tilfinningar og sjónarmið annarra manneskja og að lokum draga sínar eigin ályktanir. Í lýðræðislegu skólakerfi er ekki síður mikilvægt að styrkja nemendur til að vera gerendur í eigin námi, örva þá til að hugsa og móta sjálfa sig í stað þess að þeir beygi sig undir yfirvald og hefðir eða fyrirfram ákveðin markmið kennsluefnis.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir um bókmenntakennslu: „Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmýnd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Bókmenntaverk eru kjörin til að auka skilning nemenda á siðferði og mannlífinu í öllum sínum margbreytileika og með því að draga fram siðferðileg álitamál mannlegrar breytni og vekja nemendur þannig til umhugsunar um hluti sem snerta þá sjálfa og aðra er hægt að laða fram hugmyndir þeirra um ýmis álitamál dagslegs lífs. Það hjálpar nemendum að öðlast betri sjálfsþekkingu og stuðlar þar með að sterkari sjálfsmýnd.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* þar sem fjallað er um heilbrigði og velferð, sem er annar grunnþáttur menntunar, er sagt að heilbrigði „byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan“ (Mennta- og

menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 23). Í sérheftinu um þennan grunnþátt (Margrét Héðinsdóttir o.fl., 2013) er nánari útfærsla á þessu fjölþætta heilbrigði og þar er meðal annars lögð áhersla á lífsleikni sem leið til að gera okkur fær í að takast á við lífið (bls. 15), mikilvægi umfjöllunar um tilfinningar (bls. 25) og mikilvægi þrautseigju (bls. 15). Þetta námsefni um siðferði og dygðir kemur inn á þessa þætti en þrautseigja er einmitt ein þeirra dygða sem sérstaklega er fjallað um í námsefninu.

Auk þess að leggja áherslu á þennan þátt í skólastarfi segir jafnframt í *Aðalnámskrá grunnskóla* að allt skólastarf þurfi að efla hið fjölþætta heilbrigði (2013, bls. 23) enda er talað um að grunnþættir menntunar skuli birtast í öllu skólastarfi og að áhersla skuli lögð á samþættingu námsgreina (bls. 50-51). Í þessu ljósi verður ekki annað séð en að námsefni um siðferði og dygðir í *Gísla sögu* sé í sátt við *Aðalnámskrá grunnskóla*.

Undirbúningur kennara

Vinna með verkefnaheftið á ekki að krefjast mikils aukalegs undirbúnings af hálfu kennara umfram það sem venjulegur undirbúningur við kennslu *Gísla sögu* kallar á. Þar sem fjallað er um siðferði og dygðir er þó gott að kennari hafi velt fyrir sér hvað felst í slíkri kennslu. Til að mynda er gott að vera tilbúinn að geta staðið fyrir samræðum í kennslustofunni og geta fjallað um opnar spurningar með nemendum. Ekki er krafist sérstakrar fræðilegrar þekkingar á siðferði og dygðum fyrir utan það sem kynnt er hér í kennsluleiðbeiningum og í verkefnahefti. Kennarar hafa auk þess svör við verkefnaheftinu til að hjálpa sér við undirbúning en svörin er að finna inni á læstu vefsvæði fyrir kennara.

Skipting *Gísla sögu* í kennslueiningar

Til að auðvelda kennurum að sjá fyrir sér hvernig skipta má kennslunni niður er eftirfarandi skipting gerð. Hér er kennslunni skipt í 12 einingar en ætla má að hver eining geti tekið svipað langan tíma í kennslu, kannski um viku hver. Vissulega er einungis um viðmiðun að ræða sem sjálfsgagt er að breyta út af eftir þörfum og hentisemi. Í námsefninu er fjallað sérstaklega um 13 dygðir og er kynningu þeirra dreift yfir kaflana. Eins og sjá má á einingunum eru að jafnaði lesnar aðeins færri blaðsíður í sögunni í einingum 2-6 enda eru þá flestar dygðirnar kynntar til sögunnar.

1. Kynning á dygðum: Hugrekki
2. Kaflar 1-3 (bls. 2-11): Sanngirni og trygglyndi
3. Kaflar 4-6 (bls. 12-18): Dugnaður og vinátta
4. Kaflar 7-9 (bls. 19-26): Heiðarleiki
5. Kaflar 10-12 (bls. 27-34): Væntumþykja og hjálpsemi
6. Kaflar 13-15 (bls. 35-43): Hyggindi, hreysti og sáttfýsi
7. Kaflar 16-19 (bls. 44-56)
8. Kaflar 20-23 (bls. 57-67): Þrautseigja
9. Kaflar 24-26 (bls. 68-76)
10. Kaflar 27-29 (bls. 77-88): Þakklæti
11. Kaflar 30-34 (bls. 89-101)
12. Kaflar 35-38 (bls. 102-110)

Aðlögun kennslunnar að nemendahóp

Þrátt fyrir að í þessum kennsluleiðbeiningum sé að finna ákveðna uppskrift að kennslunni er æskilegt að kennarar nýti verkefnaheftið eins og þeim þykir best. Almennar leiðbeiningar sem þessar geta aldrei náð til allra séraðstæðna og því er eðlilegt að kennari taki tillit til síns nemendahóps, aðstæðna í sínum skóla og þess sem honum finnst henta sér sem fagmanni. Þetta þýðir að kennari getur valið spurningar úr heftinu til að leggja fyrir nemendur, breytt spurningum og nýtt aðrar aðferðir við kennsluna en lagt er til í þessum kennsluleiðbeiningum. Val á spurningum eða breytingar á þeim eiga ekki síst við þegar kennari metur það svo að spurningar séu of léttar eða of þungar fyrir nemendahópinn. Í verkefnaheftinu eru misþungar spurningar og sumar kunna að vera of þungar fyrir ákveðna hópa. Að þessu sögðu er leiðbeiningunum ætlað að búa til ramma sem kennarar geta unnið út frá og gagnast þeim vonandi til að forma sína kennslu.

Kennsla fyrir lestur *Gísla sögu*

Áður en dygðir eru skoðaðar með nemendum í *Gísla sögu* eða öðrum bókmenntatexta er gott að kynna fyrst fyrir þeim hugmyndina um dygðir. Þannig er gert ráð fyrir tveimur til þremur skiptum eða kennslustundum með nemendum sem fara í að kynna hugmyndina um dygðir áður en byrjað er að fjalla um *Gísla sögu*. Auk þess að kynna hugmyndina almennt hafa verið valdar 13 dygðir sem sérstaklega er fjallað um í þessu námsefni meðal annars vegna þess hversu algengar þær eru í *Gísla sögu*. Þessar 13 dygðir eru kynntar fyrir nemendum í tengslum við lestur á þeim köflum sögunnar þar sem þær koma fyrir með áberandi hætti.

Almennt má segja að dygðir séu góðir eiginleikar sem fólk getur haft, eins og hugrekki og þakklæti. Í þessu námsefni er meiri áhersla á svokallaðar siðferðilegar dygðir sem hafa að gera með samskipti eða tengsl við aðra en aðrar dygðir. Af dygðunum 13 eru sanngirni, trygglyndi, vinátta, heiðarleiki, væntumþykja, hjálpssemi, sáttfýsi og þakklæti siðferðilegar dygðir. Hugrekki, dugnað, hyggindi, hreysti og þrautseigja er síður hægt að flokka sem siðferðilegar dygðir þar sem þær hafa ekki endilega beint að gera með samskipti við aðra. Þó að þessi skipting sé nefnd hér til skilningsauka er ekki ástæða til að flokka dygðir með þessum hætti með nemendum. Það skiptir meira máli að hafa það í huga að allar þessar dygðir eru mikilvægar þó að sumar skipti ef til vill meira máli en aðrar. Eins og áður segir er í mannkostamenntun litið svo á að dygðir séu undirstaða þess að lifa hamingjuríkjum og góðu lífi enda hefur sá sem býr yfir dygðum færni til að fást við lífið. Kannski má einmitt segja að sérhver dygð sé færni til að fást við tilteknar aðstæður lífsins.

Hér í framhaldinu er tillaga að tveimur inngangskennslustundum þar sem fjallað er um dygðir áður en lestur á *Gísla sögu* hefst. Fyrri inngangskennslustundin er notuð til að kynna eitt af dygðahugtökunum 13, hugrekki. Í tengslum við það er fjallað um að dygðir eigi sér andstæður sem kallast lestir. Einnig er fjallað um hugmynd Aristótelesar um meðallag dygðar, skort hennar og skefjaleyssi. Gert er ráð fyrir að vinna megi með þessi skyldu hugtök, þ.e. dygð, löst (skort) og skefjaleyssi, í gegnum allt námsefnið. Í síðari inngangskennslustundinni er svo fjallað um fleiri dygðir og lesti og reynt að venja nemendur betur á að hugsa um slík hugtök.

Í þau skipti þegar fjallað er um ný dygðahugtök í *Gísla sögu* má skipta kennslunni í eftirfarandi þætti. Þessir þætti eiga þá við um inngangskennslustundina og kennslustundirnar sem fjallað er um hér á eftir undir fyrirsögninni Kennsla kafla með nýjum dygðahugtökum. Kennslustundir þar sem engin ný dygðahugtök eru kynnt til sögunnar má þá skipuleggja öðruvísi (sbr. kaflann Kennsla annarra kafla).

- A. Útskýring á dygð (ræða má skilgreiningarnar sem gefnar eru upp hér fyrir neðan eða láta nemendur um að útskýra dygðirnar) (viðtökuorðaforði)
- B. Umræður um dygð (tjáningarorðaforði)
- C. Skapandi vinna með dygð (skapandi vinna með orðaforða)
- D. Kennari endursegir kafla í *Gísla sögu*
- E. Unnið með dygðir í kaflanum

Inngangskennslustund 1: Hugrekki

A. Útskýring á hugrekki

Hugrekki: Að hafa styrk og vilja til að gera það sem er rétt jafnvel þótt maður kunni að vera hræddur.

Löstur: Hugleysi

Skefjaleysi: Fífldirfska

Enska: Courage – cowardice – foolhardiness, daredevilry

B. Umræður um hugrekki

1. Hvernig er hægt að skilgreina hugrekki? (Þótt skilgreining sé hér að ofan er oft árangursríkara að bekkurinn hjálpist að við að hugsa saman.)
2. Hvaða aðstæður krefjast hugrekkis?
3. Lítið er svo á að allar dygðir hafi andstæður sem eru lestir. Hver er andstæðan við hugrekki, lösturinn? (Nemendur gætu nefnt kjúklingur, gunga, skræfa, aumingi. Raggeit er nefnt í kafla 2.)
4. Er hægt að vera of hugrakkur? Hvaða dæmi má finna um það?
5. Forngríski heimspekingurinn Aristóteles sagði að dygðin lægi á milli tveggja öfga. Þannig væri hugrekki dygðin á milli skorts og skefjaleysis, hugleysi sem væri of lítið hugrekki (skortur) og fífldirfsku sem væri of mikið hugrekki (skefjaleysi). Annað dæmi er dygðin sjálfstraust. Sá sem hefur of lítið sjálfstraust vantroystir sjálfum sér en sá sem hefur of mikið gæti talist hrokafullur.

Til viðbótar má nefna að eins og dygðir og lestir eiga sér ekki alltaf skýrar andstæður er ekki alltaf auðvelt að finna eitt ákveðið orð til að lýsa skorti og skefjaleysi. Þannig getur stundum verið þörf á að lýsa viðkomandi eiginleika með almennum orðum.

Gera má eftirfarandi verkefni og fylla í eyðurnar eins og við á.

Skortur	Meðallag	Skefjaleysi
_____	_____	fífldirfska
_____	vinátta	_____
níska	_____	_____

C. Skapandi vinna með hugrekki

Fá nemendur (tvo og tvo saman) til að finna upp aðstæður eða búa til sögu sem fer illa, um of lítið eða of mikið hugrekki. Þeir sem vilja mega lesa sögu sína fyrir bekkinn.

Inngangskennslustund 2: Fleiri dygðir og lestir

Upprifjun: Hugrekki. Spyrja nemendur hvort þeir muni eftir skortinum og skefjaleysinu, hugleysi og fífldirfsku. Einnig má einfalda þetta og vinna bara með dygðir og lesti.

1. Gera má svipað verkefni og síðast og láta nemendur fylla í eyðurnar eins og við á. Kennari gæti skrifað eftirfarandi á töflu:

Skortur (löstur)	Meðallag (dygð)	Skefjaleysi
_____	sanngirni	_____
leti	_____	_____
ótrygglyndi	_____	_____
_____	sjálfsagi	_____

2. Hugarflæði: Þekkja nemendur fleiri dygðir? Skrifa eins margar dygðir á töfluna og ykkur dettur í hug saman.
3. Einstaklingsverkefni eða tveir og tveir saman. Hvaða dygð myndir þú helst vilja búa yfir? Skrifa niður. Gott er að miða við ákveðna tölu, til dæmis fimm eða tíu. Ræða má hvaða dygðir nemendur völdu.
4. Hverjir eru verstu lestirnir, velja 10. Hvaða löstum vildir þú síst búa yfir? Hver getur skrifað niður fyrir sjálfan sig.
5. Spyrja má nemendur hvaða dygðir eða lestir felast í eftirfarandi aðstæðum:
- Borða of mikið sælgæti (agaleysi, hófleysi).
 - Ryðjast fram fyrir fólk í röð (frekja).
 - Leyfa öðrum að ryðjast fram fyrir sig og segja ekkert þó að maður sé að flýta sér (hugleysi, skortur á sjálfstrausti, meðvirkni, auðsveipni, eftirlátssemi).
 - Þjóðast til að hjálpa litla bróður með stærðfræðina sem hann á erfitt með (hjálpsemi).

Kennsla kaflar með nýjum dygðahugtökum

Kafli 1: Sanngirni

A. Útskýring á sanngirni

Sanngirni: Að gera það sem einhver á skilið að maður geri.

Löstur: Ósanngirni

Skefjaleysi: Smámunasemi

Enska: Fairness – unfairness

B. Umræður um sanngirni

- Nefnið dæmi um eitthvað sem er ósanngjarnt?
- Hvaða tilfinningar vekur það upp hjá okkur þegar einhver er ósanngjarn við okkur (sbr. texta hér fyrir neðan um tilfinningar við hæfi)?
- Dygðir og lestir hafa oft önnur áhrif á annað fólk en við gerum okkur grein fyrir. Mér getur fundist ég vera sanngjarn gagnvart einhverjum þó að honum finnist það ekki. a) Hvers vegna? b) Hvað þarf til að geta verið fullkomlega sanngjarn gagnvart einhverjum?

Tilfinningar við hæfi. Mikilvægur hluti dygðamenntunar er að hlusta á tilfinningarnar og reyna að mennta þær, ef svo má segja. Tilfinningar geta nefnilega verið í mismunandi miklu samræmi við dygð eða það sem gott er að gera. Sumar tilfinningar virðast þannig vera skynsamlegar og í samræmi við dygð en aðrar virðist ekki líklegar til að leiða til góðs ef maður lætur þær stjórna sér. Tilfinning við hæfi vísar til þess að eðlilegt og skynsamlegt er að finna sumar tilfinningar við ákveðnar aðstæður. Í samhengi við sanngirni má sérstaklega huga að því að það getur verið eðlilegt að vera reiður ef komið hefur verið fram við mann með ósanngjörnum hætti. Þetta

Þýðir þó ekki að maður eigi að láta tilfinninguna stjórna hegðun sinni án umhugsunar heldur er ákveðin yfirvegum oftast nauðsynleg.

C. Skapandi vinna með sanngirni

Skrifið stutta sögu um einhvern sem er sviðandi ósanngjarn.

D. Kennari endursegir kafla 1 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Ef hentar er gott að byrja næstu kennslustund á að rifja upp kafla 1 og vinna síðan verkefnið úr kaflanum. Það sama má gera framvegis í köflunum hér á eftir.

Kafli 2: Trygglyndi

Í verkefnaheftinu er spurt um hugrekki í tengslum við atburði þessa kafla en fjallað var um hugrekki í inngangskennslustund 1.

A. Útskýring á trygglyndi

Trygglyndi: Að standa við orð sín og standa með sínu fólki.

Löstur: Ótrygglyndi, sviksemi, tækifærismennska

Skefjaleyssi: Þýlyndi, undirgefni

Enska: Loyalty – disloyalty

B. Umræður um trygglyndi

1. Hvernig mynduð þið skilgreina trygglyndi?

2. Hversu miklu máli skiptir trygglyndi í fjölskyldu? Í vináttu? Í öðru samhengi?

3. Þekkið þið persónu sem er sérstaklega trygglynd í ykkar umhverfi? Hvaða eiginleika hefur sú persóna?

C. Skapandi vinna með trygglyndi

Nefnið dæmi um trygglyndar persónur í kvikmyndum, þáttum eða bókum og lýsið því hvernig þær sýndu trygglyndi sitt. Góð dæmi má til dæmis finna í *Hringadróttinssögu* og ýmsum ævintýrabókum. Safna má dæmum á töfluna.

D. Kennari endursegir kafla 2 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 4: Dugnaður

A. Útskýring á dugnaði

Dugnaður: Að vinna mikið, að leggja á sig erfiði gjarnan í langan tíma.

Löstur: Leti

Skefjaleyssi: Vinnusýki

Enska: Efficiency, drive, diligence – laziness, slothfulness

B. Umræður um dugnað

1. Er mikilvægt að vera duglegur?

2. Hvort er mikilvægara að vera duglegur, góður eða klár? Hvað þýðir málshátturinn: Meira vinnur vit en strit?

3. Hvaða áhrif gæti of lítill eða of mikill dugnaður haft? Veltið fyrir ykkur ókostum of lítills og of mikils dugnaðar, gagnvart sjálfum manni og öðrum?

C. Skapandi vinna með dugnað

Búið til sögu um dugnað sem skilar sér í farsæld. Búið til sögu um dugnað sem skilar ekki árangri.

D. Kennari endursegir kafla 4 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 5: Vinátta

A. Útskýring á vináttu

Hér er gott að skilgreina með nemendum og taka svo skilgreiningu Aristótelesar aðeins síðar (sjá neðar).

Vináttu: Samband sem maður á við persónu sem manni finnst gaman að vera með og sem maður vill vel.

Löstur: Óvinátta, hatur

Skefjaleysi: Undirgefni, fórnfýsi

Enska: Friendliness – unfriendliness, enmity, hate

B. Umræður um vináttu

1. Hvað er vinátta? Hvað eiga vinir sameignilegt? (Skilgreina upp á töflu út frá því sem nemendur segja. Finna dæmi eins og húnur, traust, væntumþykja, leikur og gjafir.)
2. Hversu mikilvægt er að geta treyst vinum sínum?
3. Þekkið þið orðatiltækið: Vinur er sá sem í raun reynist? Hvað þýðir það? Er eitthvað til í því?

A. Aristóteles um vináttu

Forngrískri heimspekingurinn Aristóteles sagði að til væru eftirfarandi þrjár tegundir af vináttu:

1. Ánægjuvinátta byggist á gagnkvæmri skemmtun og leik án skuldbindinga. Dæmi um þetta eru lítil börn sem fara á milli leikfélaga í leit að einhverju nýju og áhugaverðu eða unglingar sem elta stuðið og fara annað þegar ekki er gaman lengur eða þegar koma upp erfiðleikar.
2. Nytsemisvinátta byggist á því að báðir aðilar hagnast á velvilja hvors annars. Dæmi er fólk sem gefur hvort öðru gjafir eða gerir greiða og einnig viðskiptafélagar sem græða á gagnkvæmum viðskiptum.
3. Sönn vinátta byggist á dygðugri hegðun persónanna sjálfra, eins og væntumþykju og trygglyndi. Slíkir vinir þurfa sjálfir að vera góðar manneskjur og vilja að vininum líði og gangi vel.

C. Skapandi vinna með vináttu

Búið til örsögu sem byggist á ánægjuvináttu, nytsemisvináttu eða sannri vináttu. Nemendur mega lesa upphátt og hinir giska á hverslags vináttu er um að ræða.

D. Kennari endursegir kafla 5 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 7: Heiðarleiki

A. Útskýring á heiðarleika

Heiðarleiki: Að reyna ekki að plata sjálfan sig og aðra.

Löstur: Óheiðarleiki

Skefjaleysi: Hrekkleysi

Enska: Honesty – dishonesty

B. Umræður um heiðarleika

1. Nefnið dæmi um heiðarleika? Hvað gerir hins vegar sá sem er óheiðarlegur?
2. Er hægt að vera óheiðarlegur án þess að segja ósatt eða stela?
3. Hvenær er erfitt að vera heiðarlegur? (Dæmi: Þegar maður þarf að viðurkenna eitthvað ljótt, rangt eða mistök eða þegar maður særir einhvern með hreinskilni sinni.)
4. Stundum er sagt að „oft megi satt kyrrt liggja“. Hvað finnst ykkur um það, er það rétt, hvernig þá?
5. Af hverju finnst okkur stundum gott þegar fólk „kemur til dyranna eins og það er klætt“, er „hreint og beint“?
6. Hvernig tengjast leyndarmál heiðarleika og óheiðarleika? Hvernig leyndarmál eru góð og hvernig slæm?

C. Skapandi vinna með heiðarleika

Frjáls ritun um hvort það sé betra að vera heiðarleg eða óheiðarleg til að verða hamingjusöm eða farsæl manneskja. Formið má vera svona: Setja fyrst fram spurningu eða fullyrðingu í inngangi, fara svo yfir helstu röksemdir og dæmi og komast svo að niðurstöðu í lokin. Hér getur verið skemmtilegt að lesa mismunandi sjónarmið upphátt. Aðalatriði hér er þá rökræðan en ekki formið. Kennari getur gert athugasemdir með því að spyrja: Hvað myndi gerast ef allir væru óheiðarlegir? Hvernig væri að lifa í samfélagi þar sem enginn myndi treysta neinum? Hvað ef þjófur myndir spyrja hvar amma geymir skartið sitt, ætti maður að segja satt?

D. Kennari endursegir kafla 7 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 10: Væntumþykja

A. Útskýring á væntumþykju

Væntumþykja: Að finna að önnur manneskja skiptir mann máli og vilja sýna það í verki.
Löstur: Hatur, kaldlyndi, afskiptaleysi
Skefjaleysi: Ofeldi, ofdekur, sjúk eða blind ást
Enska: Love – hate, callousness

B. Umræður um væntumþykju

1. Hvernig mynduð þið skilgreina væntumþykju? Nefnið dæmi um það sem sá sem finnur fyrir væntumþykju upplifir innra með sér (tilfinningar) eða gerir.
2. Eru til mismunandi gerðir af væntumþykju? Hver er munurinn á systkinasambandi, ástarsambandi, sambandi foreldra og barna og sambandi við gæludýr eða hluti?
3. Hvort er meiri andstæða við væntumþykju, hatur eða afskiptaleysi (eða kaldlyndi)? Hér má byrja á að hugsa um hvað hatur er og hvað afskiptaleysi er. Hugsið ykkur kennara, foreldri eða hunda eiganda sem væri alveg sama og þannig afskiptalaus: Væri það betra eða verra en ef viðkomandi sýndi hatur (neikvæða athygli)?
4. Er hægt að sýna of mikla væntumþykju? Hér má hugsa saman og reyna að finna dæmi.

C. Skapandi vinna með væntumþykju

Skipta nemendum í hópa og fá þá til að glíma við að finna skortinn og skefjaleysið og búa til dæmisögur. Hér eru skilgreiningar ekki meitlaðar í stein og gildir því að hlusta á sjónarmið nemenda og gefa sér tíma til að hugsa saman. Þeir sem vilja geta lesið dæmin upphátt.

D. Kennari endursegir kafla 10 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 12: Hjálpsemi

A. Útskýring á hjálpsemi

Hjálpsemi: Að láta sig hag annarrar manneskju varða og aðstoða hana ef hún þarf á því að halda.

Löstur: Afskiptaleysi

Skefjaleysi: Afskiptasemi

Enska: Helpfulness, concern – indifference

B. Umræður um hjálpsemi

1. Hvenær er gott að vera hjálpsamur?

2. Af hverju ætti fólk að vera hjálpsamt?

3. Hvaða tilfinningar vekur það þegar fólk er ekki hjálpsamt í aðstæðum sem við ætlumst til að fólk sé það? Takið dæmi.

4. Er hægt að vera of hjálpsamur? Eða hjálpsamur í röngum aðstæðum?

C. Skapandi vinna með hjálpsemi

Finnið upp nokkur dæmi um hjálpsemi sem breytist í afskiptasemi og er ekki vel þegin.

D. Kennari endursegir kafla 12 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 13: Hyggindi

A. Útskýring á hyggindum

Hyggindi: Að geta hugsað um mögulegar afleiðingar athafna og geta fundið góða lausn á hagnýtum verkefnum.

Löstur: Heimska, hugsunarleysi

Skefjaleysi: Stjórnsemi

Enska: Practical wisdom, good sense – stupidity, thoughtlessness

B. Umræður um hyggindi

1. Hvenær er gott að vera hygginn? Nefnið dæmi um aðstæður þar sem hyggindi eru mikilvæg.

2. Hvernig verður manneskja hygginn?

3. Hversu mikilvægt er að þeir sem stjórna landinu séu hygginnir?

C. Skapandi vinna með hyggindi

Ímyndið ykkur að þið séuð valin til þess að ákvarða framtíð lands ykkar eftir tíu ár. Hvernig mynduð þið æfa ykkur frá og með deginum í dag til að verða hygginn? Hvaða aðrar dygðir er mikilvægt að hafa í þessum aðstæðum?

D. Kennari endursegir kafla 13 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 15: Hreysti og sáttfýsi

A. Útskýring á hreysti

Hreysti: Að vera líkamlega vel á sig kominn og kappsamur.

Löstur: Óhreysti, vanheilsa, þróttleysi

Skefjaleyssi: Ofþjálfun, árásgirni

Enska: Fitness – unfitness, softness

B. Umræður um hreysti

1. Finnið dæmi úr fjölmiðlum, þáttum, bókum eða kvikmyndum um hraustar manneskjur.
2. Hvernig vitum við að þessar manneskjur eru hraustar? Hvernig hafa þær sýnt hreysti sína? Segir það sem þessar hraustu manneskjur hafa gert eitthvað um skapgerð þeirra?
3. Fæðist maður hraustur eða þarf maður að vinna fyrir henni? Fæðast allir með jafna möguleika til að verða hraustir?

A. Útskýring á sáttfýsi

Sáttfýsi: Að sýna að maður fyrirgefi einhverjum sem hefur haft rangt við. – Kannski má líka líta á sáttfýsi sem vilja til að sætta ólík sjónarmið og miðla málum.

Löstur: Ósáttfýsi, langrækni, hefnigirni

Skefjaleyssi: Eftirgjöf, eftirlátssemi, meðvirkni

Enska: Peaceableness – hostility, implacableness

B. Umræður um sáttfýsi

1. Finnið dæmi um sáttfúsa manneskju. Hvernig hagaði hún sér?
2. Hvernig gæti sáttfýsi virst vera veikleiki?
3. Hvaða styrkleika þarf til að vera sáttfús?
4. Hvað þýðir málshátturinn: Sanngirni er sátta móðir? Er vit í honum?

C. Skapandi vinna með sáttfýsi

Algengt er að sá sem upplifir að hann hafi verið meðhöndlaður á ósanngjarnan hátt sé ósáttur. Segjum að hann hafi fengið rangt til baka í búð eða einhver hafi ruðst fram fyrir hann í röð. Skriðu niður samtalið um það hvernig hann gæti brugðist við ef hann er sáttfús. Og hins vegar ef hann er ósáttfús.

D. Kennari endursegir kafla 15 í *Gísli sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 21: Þrautseigja

A. Útskýring á þrautseigju

Þrautseigja: Að hafa til að bera innra þolgæði og gefast ekki upp þótt á móti blási.

Löstur: Dugleysi, linleiki

Skefjaleyssi: Þvermóðska

Enska: Perseverance, resilience – slothfulness, softness

B. Umræður um þrautseigju

1. Hvaða aðstæður kalla á þrautseigju? Nefnið dæmi.
2. Af hverju gæti verið gott að vera þrautseigur?
3. Gæti verið vont að vera þrautseigur í einhverjum tilfellum?

4. Hver er munurinn á þrautseigju og eftirfarandi orðum: Þrjósku, þolinmæði og úthaldi?
5. Er hægt að vera of þrautseigur?

C. Skapandi vinna með þrautseigju

Skiptu nemendum í hópa og biddu nemendur að finna og leika með látbragði án orða gott dæmi um þrautseigju fyrir hvert annað. Hinir giska á hvað er að gerast.

D. Kennari endursegir kafla 21 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kafli 27: Þakklæti

A. Útskýring á þakklæti

Þakklæti: Að finna fyrir eða sýna að maður kunni að meta eitthvað sem gert hefur verið fyrir mann.

Löstur: Vanþakklæti

Skefjaleysi: Að vera uppáþrengjandi

Enska: Gratitude, thankfulness – ingratitude, thanklessness

B. Umræður um þakklæti

1. Hvernig tilfinning er það að vera þakklátur, að fyllast þakklæti?
2. Er mikilvægt að sýna þakklæti, láta fólk vita að maður sé þakklátur fyrir eitthvað sem það hefur gert fyrir mann?
3. Hver á skilið þakklæti?
4. Hverjir ætli vinni þakklátustu vinnuna? En vanþakklátustu? Af hverju?

C. Skapandi vinna með þakklæti

Nemendur skrifa niður fimm atriði sem þeir eru þakklátir fyrir. Þetta þarf ekki að segja upphátt.

D. Kennari endursegir kafla 27 í *Gísla sögu*

E. Verkefni um dygðir í kaflanum (sjá verkefni í verkefnahefti)

Kennsla annarra kafla

Eins og komið hefur fram er lagt til að farið sé að mestu eftir þeim leiðbeiningum sem gefnar eru hér að framan um kynningu á dygðum áður en byrjað er að lesa *Gísla sögu* og um kennslu á nýrri dygð áður en hún kemur fyrst fyrir í verkefnaheftinu. Í framhaldinu má vissulega nota svipaðar kennsluaðferðir en þó er æskilegt að brugðið sé út af því, þó ekki væri nema til að brjóta upp. Í þessum kafla er að finna nokkur atriði sem má velta fyrir sér og nýta við undirbúning kennslunnar.

Að lesa söguna með nemendum

Í stað þess að láta nemendur lesa einungis sjálfa heima er gott að endursegja söguna fyrir þau í upphafi og lok hvers tíma. Það er vel gerlegt þar sem kaflarnir eru allir frekar stuttir. Aðalkostir þeirrar aðferðar eru ef til vill þeir að enginn nemandi þarf að missa af sögunni, hún er öllum í fersku minni þegar vinna á með hana og hægt er að stoppa við einstök atriði í textanum sem þarfnast útskýringar eða kalla á umræðu. Þetta síðasta atriði getur verið mjög gagnlegt til að hjálpa nemendum að vera virkir lesendur og spurningar geta skapað áhugaverðar umræður. Með þessu móti og með því að fara í gegnum spurningarnar í bókinni er bæði hægt að ganga úr skugga um að

grunnskilningur á sögunni sé til staðar og koma til móts við náttúrulegan áhuga nemenda á því sem finna má í textanum áður en verkefni í verkefnaheftinu eru unnin.

Um afstöðu og umræður

Þegar fjallað er um dygðir og siðferðilega togstreitu er erfitt að ímynda sér að alltaf sé eitt rétt svar við spurningum og álitamálum. Þess vegna er mikilvægt að kennari gefi nemendum rými til að viðra spurningar, vangaveltur og hugmyndir um söguna og það sem þar gerist. Hér er ágætt að vera meðvitaður um það að þó að sum svör við spurningum geti verið betri en önnur þá sé hægt að sjá hlutina frá mörgum sjónarhornum. Nemendur hafa einnig oft þörf fyrir að viðra skoðanir sínar þó að þær séu ekki alltaf fullmótaðar. Þetta er tækifæri til að ræða hlutina og læra af því sem aðrir hafa að segja. Í þessu sambandi er líka gott að vera meðvitaður um að kennarinn ber ekki ábyrgð á því hvaða viðhorf nemendur tjá. Það er þannig frekar hlutverk kennarans að reyna að stýra umræðunni í einhverja átt en að ákveða hvaða viðhorf megi koma fram. Kennarar hafa mismunandi reynslu af samræðum en eru hvattir til að nota þetta tækifæri til að prófa sig áfram með opnar spurningar og treysta nemendahópnum til að koma fram með flest þau svör sem þurfa að heyrast. Einnig er gott að hafa í huga að „vond“ svör fá nemendur oft til að hugsa um og melta hlutina eftir á og finna rök fyrir öðrum betri svörum.

Að nota verkefni

Hægt er að nota verkefni með fleiri en einum hætti. Nemendur geta svarað þeim skriflega eftir að búið er að fara í texta hvers kafla fyrir sig. Einnig geta þeir svarað spurningunum munnlega í mismunandi stórum hópum. Kennari getur líka valið að fara yfir spurningarnar með öllum hópnum í einu. Ef sama aðferð er notuð óbreytt í gegnum alla bókina er hætt á að sumir nemendur geti orðið leiðir því þó að einhver uppbygging og smá uppbrot séu í verkefnum eru þau í sjálfu sér svipuð í gegnum alla bókina. Ein leið til að brjóta upp verkefni er að skipta um kennsluáðferð (nokkur dæmi eru nefnd hér á eftir). Þá má líta frekar á verkefni sem umræðupunkta eða sjónarhorn til að spjalla um í stað þess að gera ráð fyrir að ákveðið svar sé við hverju verkefni. Einnig getur verið ágætt að brjóta upp með því að nota verkefni sem tengja dygðirnar meira við líf nemenda (sbr. kaflann Verkefni: Dygðir í eigin lífi).

Innlifunaraðferðir og tjáning

Stærk aðferð til að fá nemendur til að setja sig í spor persóna og skilja hvaða aðstæður þær búa við er að fá þá til að setja upp leikþátt með atriðum úr sögunni. Nokkrar senur í sögunni eru sérstaklega vel fallnar til leikrænnar tjáningar eða fyrir einhvers konar brúðuleikhús, til dæmis í köflum 6, 9, 20 og 27. Suma kafla er einnig skemmtilegt að leiklesa eins og kafla 31 og 32. Til þess að fá nemendur til að lifa sig inn í söguna í upphafi er einnig hægt að nota það sem Ingvar Sigurgeirsson (2013, bls. 126-127) kallar hugarflug með leiðsögn og fá nemendur til að sjá fyrir sér ferðalag systkinanna frá Noregi til Íslands. Þar má hafa í huga hversu lengi ferðalagið varði, fá nemendur til að ímynda sér aðstæður á knerrinum, huga að vistunum sem voru meðferðis, horfa til veðurs og ímynda sér hvernig er að sjá Ísland loks rísa úr sæ. Eftir slíka sjónsköpun er hægt að fá nemendur til að setja sig í spor eins systkinanna, Gísla, Þorkels eða Þórdísar, eða teikna myndir af ferðalaginu. Eftir það er líklegt að systkinin séu orðin nemendum kunnug. Kennar sem tóku þátt í rannsóknarverkefni um *Laxdæla sögu* töldu aðferðir sem byggðust á einhvers konar innlifun mikilvægar til að tengja nemendur við söguna, sérstaklega til að byrja með (Þóra Björg Sigurðardóttir, 2018). Um þessar og fleiri aðferðir sem fela í sér innlifun og tjáningu má lesa í bók Ingvars Sigurgeirssonar (2013, bls. 122-133).

Að tengja annarri kennslu og umhverfinu

Áhugaverð leið til að nálgast námsefnið eða brjóta það upp er að tengja viðfangsefnið í *Gísla sögu* því sem er að gerast í skólanum og umhverfinu. Þetta getur verið með ýmsu móti. Kennari getur til að mynda nýtt styrkleika sína sem kennari og tengt námsefnið öðrum þáttum íslenskukennslunnar, eins og ritunarverkefnum. Kennslan getur tengst öðrum fögum eins og lífsleikni eða samfélagsgreinum. Bekkurinn getur sett sér einkunnarorð sem líta má á sem dygðir. Ræða má málefni sem upp koma í skólanum í ljósi dygða eða tengja má siðferðis- og dygðaumræðuna við málefni samfélagsins nær og fjær.

Aðrar kennsluáferðir

Fara má margar aðrar leiðir við að koma námsefninu til skila. Til að kynna söguna fyrir nemendum er til dæmis mjög hentugt að nota áferð sem Ingvar Sigurgeirsson kallar sagnalist og snýst um að endursegja söguna fyrir nemendum (2013, bls. 122-124). Til að ganga úr skugga um að sagan hafi komist til skila má biðja nemendum að endursegja eða gera útdrátt á því sem þeir voru að lesa. Til að dýpka umræðurnar í skólastofunni má nýta ýmsar samræðuáferðir, ekki síst innan barnaheimspeki. Ein nálgun þar er til dæmis að skapa samræðusamfélag í anda Lipmans (Róbert Jack, 2006, bls. 50-51). En vissulega verður enginn tæmandi listi gerður yfir þær leiðir sem má fara. Helst er óskandi að hver og einn leiti fyrir sér og prófi sig áfram eins og hann kann.

Verkefni: Dygðir í eigin lífi

Það má hugsa sér að nemendur vinni verkefni sem dýpka vitund þeirra um dygðir í eigin lífi. Hér eru nokkrar hugmyndir.

Hugrekki. Gerðu tilraun í hugrekki. Hugsaðu þér athöfn sem þú hræðist að framkvæma þó að hún virðist í raun ekki mjög hættuleg. Þetta þarf að vera eitthvað sem tengist hversdagslífi þínu, þú vildir geta gert og hefur góðan tilgang. Af hverju hræðist þú þessa athöfn? Hvað gæti gerst? Hvernig myndir þú þó hagnast á því að geta gert þetta? Myndu aðrir hagnast á því? Skrifðu niður það sem þú vilt geta gert – mundu að það á að vera styrkjandi fyrir þig eða aðra og má ekki vera beinlínis hættulegt. Prófaðu svo að framkvæma það og skrifaðu niður hvað gerðist. [Einnig mætti gera svipaða tilraun um **þakklæti**, **væntumþykju** eða **vináttu**. Athöfnin þyrfti þá að sýna þá dygð sem er valin.]

Sanngirni. Til að geta verið sanngjarn við aðra þarf maður að hlusta á þá og setja sig í spor þeirra. Veldu þér manneskju. Skrifðu niður eiginleika hennar, hvernig hún er og hvað hún gerir. Ímyndaðu þér hvernig er að vera hún og hafa þessa eiginleika. Gerðu þetta fyrir þrjár manneskjur (að minnsta kosti eina af hinu kyninu). Hvað var auðvelt? Hvað var erfitt?

Dugnaður. Skrifðu niður áætlun um heimalærdóm fyrir eina viku. Ákveddu að fara eftir áætluninni og reyndu að standa við hana. Ef þér reynist erfitt að fara eftir áætluninni má skoða hvers vegna: Er það þreyta, of stíf áætlun, óvæntar upþákomur o.s.frv.? Getur þú gert eitthvað öðruvísi eða sagt eitthvað við sjálfa(n) þig til að auka dugnað þinn?

Vinátta. Hugsaðu um einhvern sem þér finnst vera vinur þinn eða vinkona. Veltu því fyrir þér af hverju þið eruð vinir. Gerið þið eitthvað saman eða hvort fyrir annað? Reyndu jafnframt að átta þig á því hvað þú heldur að vinur þinn myndi vilja að þú gerðir fyrir sig. Prófaðu að gera þetta fyrir vininn og sjáðu hvað gerist.

Væntumþykja. Rifjaðu upp hverja þér þykir vænt um. Skrifaðu 3-5 nöfn og útskýrðu af hverju þér þykir vænt um þá. Hvernig getur þú sýnt væntumþykju þína í verki?

Hjálpsemi. Vertu vakandi fyrir því í eina viku hvort einhver í umhverfi þínu þarf hjálp. Skrifaðu niður þessi tilvik og hvað þú gerðir til að hjálpa viðkomandi. Ef þú hjálpaðir ekki viðkomandi veltu þá fyrir þér af hverju þú gerðir það ekki og hvort að þú myndir vilja bæta úr því.

Hyggindi. Hugsaðu um eitthvað verkefni sem þú þarft að sinna, helst annars staðar en í skólanum. Skrifaðu niður allar þær leiðir sem þú sérð fyrir þér að hægt sé að fara við að vinna verkefnið. Reyndu svo að meta hvaða leiðir þér finnst ekki koma til greina. Skoðaðu svo kosti og galla þeirra leiða sem eftir eru og ákveddu að fara eina þeirra. Af hverju varð hún fyrir valinu? Ef verkefnið var einfalt og leiðirnar fáar er hægt að nota aðferðina til að fást við annað verkefni.

Sáttfýsi. Fylgstu með fjölmiðlum (útvarpi, sjónvarpi, netmiðlum, dagblöðum) og reyndu að finna frétt þar sem einhver sýnir sáttfýsi. [Einnig mætti gera þessa tilraun um aðrar dygðir, eins og **þrautseigju, dugnað, hjálpsemi, hyggindi, heiðarleika** eða **sanngirni.**]

Þrautseigja. Veltu fyrir þér einhverju markmiði sem þú vilt ná en sem þú veist að er erfitt að ná. Skrifaðu niður alla þá hluti sem þú heldur að þú þurfir að gera til að ná markmiðinu. Sjáðu þig fyrir þér að gera alla þessa hluti. Þú ert þrautseig(ur)!

Þakklæti. Gerðu tilraun í eina viku þar sem þú tekur sérstaklega eftir því þegar þú upplifir þakklæti vegna þess að einhver gerði eitthvað fyrir þig. Skrifaðu þessi atvik niður og hvað þú gerðir til að sýna þakklæti þitt. Ef þú sýndir ekki þakklæti þitt veltu þá fyrir þér af hverju þú gerðir það ekki og hvort að þú myndir vilja bæta úr því.

Einkunnarorð skólans/bekkjarins. Flestir skólar og einnig sumir bekkir eiga sér einkunnarorð sem í raun eru orð yfir dygðir. Rifjaðu upp einkunnarorð skólans þíns eða bekkjarins og skrifaðu niður hvað þér finnst að þú getir gert til að haga þér í samræmi við einkunnarorðin. Skrifaðu að minnsta kosti eitt sem þú getur gert betur fyrir hvert einkunnarorð.

Dygðir foreldra/forráðamanna. Spyrðu foreldri/forráðamann hvaða dygðir hann metur mest. Fáðu viðkomandi til að nefna 3-5 dygðir og útskýra fyrir þér af hverju þetta eru mikilvægar dygðir fyrir hann. Veltu fyrir þér hvort það kemur þér á óvart hvaða dygðir foreldrið/forráðamaðurinn nefndi.

Viðhengi: Orð yfir dygðir

auðmýkt	hugprýði	samvinnufýsi
áreiðanleiki	hugrekki	sanngirni
áræði	huglsemi	sáttfýsi
ástúð	hyggindi	siðprýði
blíðleiki	hæverska	siðsemi
bróðerni	höfðingsháttur	sjálfsagi
dirfska	höfðingsskapur	sjálfstjórn
djörfung	kjarkur	sjálfstæði
drenglyndi	kurteisi	sköpun
drengskapur	kærleikur	skörungskapur
dugur	líknsemi	stórmennska
falsleysi	lítillæti	tign
fórnfýsi	ljúfmennska	tillitssemi
framsækni	mannasiðir	traust
friðsemd	manndáð	trúfesti
frómyndi	manngæska	trúnaðartraust
gjafmildi	mannúð	tryggð
gleði	mikillæti	trygglyndi
góðleikur	mikilmennska	umburðarlyndi
góðlyndi	mildi	vammleysi
góðvild	miskunnsemi	veglyndi
greiðvikni	myndarskapur	velvilji
göfuglyndi	náð	vingjarnleiki
háttprýði	nægjusemi	vinsemd
háttvísi	nærgætni	virðing
heiðarleiki	prúðmennska	von
heilindi	rausnarskapur	vægð
hetjuskapur	ráðvendni	væntumþykja
hjartaprýði	reisl	þakklæti
hjálpfýsi	réttlæti	þjónustulipurð
hjálpsemi	réttsýni	þjónustulund
hluttekning	réttvísi	þolgæði
hollusta	riddarskapur	þolinmæði
hófsemi	ræktarsemi	þor
hófstilling	sakleysi	þrautseigja
hógværð	samhugur	þrek
hreysti	samkennd	þróttur
hugarstyrkur	samstaða	æðruleysi
hugdirfska	samúð	örlæti

Heimildir

- Atli Harðarson. (2018). Ógæfa Bolla Þorleikssonar: Hugleiðing um hvernig Laxdæla saga leggur til spurningar fyrir lesanda sinn en svarar þeim ekki. *Netla, Sérnit: Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. https://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/02.pdf
- Atli Harðarson, Ólafur Páll Jónsson, Róbert Jack, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2018). *Laxdæla saga og siðferðilegt uppeldi í skólum*. *Netla, Sérnit: Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. https://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/01.pdf
- Arthur, J., Kristjánsson, K., Harrison, T., Sanderse, W. og Wright, D. (2017). *Teaching character and virtue in schools*. Routledge.
- Beck, I. L., McKeown M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing words to life*. The Guilford Press.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluáðferðanna*. Iðnú.
- Kristján Kristjánsson. (2015). *Aristotelian character education*. Routledge.
- LaRusso, M., Kim, H. Y., Selman, R., Uccelli, P., Dawson, T., Jones, S., Donovan, S. og Snow, C. (2016). Contributions of academic language, perspective taking, and complex reasoning to deep reading comprehension. *Journal of Research on Educational Effectiveness*, 9(2), 201–222. <https://doi.org/10.1080/19345747.2015.1116035>
- Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Námsgagnastofnun.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Höfundur.
- Nation, P. (2013). Designing reading tasks to maximise vocabulary learning. *Applied research on English language*, 3(1), 1-8.
- Ólafur Páll Jónsson. (2018). Laxdæla sem fóður fyrir gagnrýna hugsun. *Netla, Sérnit: Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/06.pdf
- Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Námsgagnastofnun.
- Róbert Jack. (2006). *Hversdagsheimspeki: Upphaf og endurvakning*. Háskólaútgáfan / Heimspekistofnun.
- Róbert Jack. (2018a). Dygðir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar. *Netla, Sérnit: Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/09.pdf
- Róbert Jack. (2018b). Dygðirnar í *Laxdæla sögu*: Efniviður fyrir mannkostamenntun. *Netla, Sérnit: Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/10.pdf
- Róbert Jack. (2018c). Laxdæla saga: Dygðakennsla. <https://klb.mms.is/klb/laxdaela/siferi-og-dygir-laxdla-sogu-robort-jack/>
- Roessingh, H. (2015). Effective High School ESL programs: A synthesis and meta-analysis. *Canadian modern language review*, 60(5), 611-636. <https://doi.org/10.3138/cmlr.60.5.611>

- Roessingh, H. (2016). Academic language in K-12: What is it, how is it learned, and how can we measure it? *BC TEAL Journal*, 1(1), 67-81.
- Roessingh, H. (2018). Listening to our students: their stories. *Learning Landscapes*, 11 (2), 287-301.
- Þóra Björg Sigurðardóttir. (2018) Siðfræði í bókmenntakennslu. *Netla, Sérrit: Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*.
http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/11.pdf